

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um smásölu áfengis.

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um verzlun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, á þingskjali 17.

Félag atvinnurekenda fagnar viðleitni flutningsmanna frumvarpsins til að auka frelsi í viðskiptum með áfengi. Félagið fagnar jafnframt þeirri afstöðu sem fram kemur í frumvarpinu og greinargerð þess að efla eigi forvarnir gegn misnotkun áfengis. Alltof lengi hefur verið litið á það sem áhrifaríka áfengisstefnu að takmarka alla notkun á áfengi með því að þrengja að eðlilegu viðskipta- og markaðsumhverfi í þessum geira, fremur en að takast beint á við misnotkunina, sem er vissulega alvarlegt vandamál hjá afmörkuðum hópi.

FA telur hins vegar nálgun frumvarpsins eins og það liggur fyrir alltof þrönga. Á frumvarpinu eru alvarlegir annmarkar, sem hafa í för með sér að verði það samþykkt mun það á sumum sviðum þýða afturför hvað varðar aðgengi neytenda að þeirri neyzluvöru sem áfengi er. Enn fremur myndi frumvarpið óbreytt hafa í för með sér afar íþyngjandi breytingar fyrir bæði framleiðendur og innflytjendur áfengis, sem á endanum myndu koma niður á samkeppni, fjölbreytni, vöruframboði og verði á áfengismarkaði.

Helztu gagnrýnisatriði og ábendingar Félags atvinnurekenda eru eftirfarandi:

1. Það er órökrétt að færa smásölu áfengis út í matvöruverzlanir án þess að afnema um leið bann við áfengisauglýsingum, af eftirfarandi ástæðum:
 - a. Auglýsingabannið heldur ekki. Farið virðist framhjá því með margvíslegum hætti. Auglýsingar um erlendar áfengistegundir eru í erlendum tímaritum og blöðum, á vefsíðum og í sjónvarpi. Möguleikar innlendra framleiðenda á að kynna vöru sína eru hins vegar á sama tíma mjög takmarkaðir. Það raskar jafnræði og samkeppni.
 - b. Vegna þess að í íslenskri löggjöf er gengið út frá því að áfengisauglýsingar séu bannaðar, eru engar reglur um hvernig þær skuli úr garði gerðar, að hverjum þær megi beinast, á hvaða tímum og í hvaða miðlum megi birta þær o.s.frv. Félag atvinnurekenda hefur áður kynnt fyrir allsherjar- og menntamálanefnd tillögur sínar um að áfengisauglýsingar beri að leyfa með skýrum takmörkunum. Um leið myndu innflytjendur og framleiðendur áfengis undirgangast ýtarlegar síðareglur um ábyrga

markaðssetningu, með siðanefnd á vegum Félags atvinnurekenda sem hefði skýrar valdheimildir, meðal annars sektir, til að taka á brotum á reglunum.

- c. Með frumvarpinu er lagt til að færa smásölu áfengis úr einokunarumhverfi í fákeppnisumhverfi matvörumarkaðarins. Gera má ráð fyrir að fáir stórir aðilar á matvörumarkaðnum muni ráða miklu um hvaða vörur seljast. Vegna auglýsingabannsins nyttu framleiðendur og innflytjendur ekki lengur þess jafnræðis sem ÁTVR hefur verið skyldað til að viðhafa gagnvart birgjum, en ættu hins vegar enga möguleika á að kynna vörur sínar sjálfstætt fyrir neytendum. Þetta kæmi sérstaklega hart niður á smærri framleiðendum, sem reyna að koma nýrri vöru á markað. Þetta atriði myndi veða á móti meintum jákvæðum áhrifum frumvarpsins á hagsmuni smærri brugghúsa á landsbyggðinni.
 2. Engin málefnaleg rök eru fyrir því að mismuna áfengistegundum með því að loka sterkt áfengi inni á bak við eða undir búðarborðum, eins og lagt er til í frumvarpinu, í stað þess að það sé aðgengilegt neytendum í hillum verzlana eins og léttvín og bjór. Margvíslegar rannsóknir sýna að ekki er síður hættu á misnotkun léttvíns og bjórs en sterks áfengis. Rökin fyrir þessari mismunun skortir algjörlega í greinargerð frumvarpsins.
- Um leið eru sterkir drykkir ekkert síður almenn neyzluvara í skilningi frumvarpsins en léttvín og bjór. Fyrir neytandann þýðir þetta ákvæði frumvarpsins því skref aftur á bak.
- Að fela sterka áfengið í verzlunum kemur ekki sízt niður á hagsmunum innlendra framleiðenda, enda er mikil gerjun í framleiðslu sterkra drykkja hér á landi. Fyrsta skrefið hjá smærri framleiðendum er oftast að koma vöru sinni á innanlandsmarkað áður en farið er að horfa til útflutnings. Í samhengi við áður nefnt auglýsingabann er þeim augljóslega gert erfiðara fyrir með því að hindra að vörur þeirra séu aðgengilegar í hillum verzlana.
3. Ákvæði frumvarpsins um það hvaða verzlanir megi selja áfengi og hverjar ekki virðast tilviljanakennd og óljós. Öll áherzla er á matvörubúðir með blandað vöruframboð en banna á áfengissölu í söluturnum, benzínstöðvum og myndbandaleigum, á þeim forsendum að þar safnist ungt fólk saman. Þessi skilgreining heldur ekki. Sumar benzínstöðvaverzlanir eru til dæmis reknar af stórum matvörukeðjum. Í sumum hverfum eru klukkubúðirnar, sem eru hluti af matvörukeðjum, einmitt samkomustaður ungmenna að kvöldlagi o.s.frv.
 4. Mjög óljóst er af ákvæðum frumvarpsins hvort gert er ráð fyrir sérverzlunum með áfengi, enda eru þær hvergi nefndar. Það er þó algjör forsenda þess að áfram verði breitt vöruúrval og góð þjónusta við neytendur að sérverzlanir fái að þrífast við hlið stórmarkaða, sem aldrei munu bjóða jafnbreitt vöruúrval eða jafnmikla sérfræðiráðgjöf við viðskiptavinum og stærstu verzlanir ÁTVR gera í dag.
 5. Ákvæði frumvarpsins um að 18 ára starfsmenn matvöruverzlana verði látnir framfylgja því að fólk undir tvítugu kaupi ekki áfengi eru mótsagnakennd. Hæpið er að ætla 18 ára starfsmanni í matvörubúð að framfylgja því að jafnaldri hans, eða jafnvel einstaklingur sem er honum tveimur árum eldri, kaupi ekki áfengi. Annaðhvort hlýtur að þurfa að gera kröfu um að þeir sem afgreiða áfengi í verzlunum hafi náð 20 ára aldri eða Alþingi þarf að gera þá breytingu að áfengiskaupaaldur verði 18 ár. Ákvæði frumvarpsins um eftirlit með því að unglingar fái ekki afhent áfengi eru sömuleiðis óskýr, en hættu er á að breytingin mæti andstöðu almennings ef gott eftirlit með ábyrgum verzlunarháttum er ekki tryggt.
 6. Óljóst er af ákvæðum frumvarpsins hverjum er ætlað að standa skil á áfengisgjaldi til ríkisins. Samkvæmt núgildandi löggjöf eru það innflytjendur og framleiðendur sem greiða áfengisgjaldið; það eru með öðrum orðum birgjarnir sem standa skil á því til ríkissjóðs tvisvar í mánuði en ekki smásalan. ÁTVR greiðir birgjum hins vegar skilvíslega tvisvar sinnum í mánuði. Misskilnings virðist gæta í greinargerð með frumvarpinu, þar sem fullyrt er að

ÁTVR standi skil á áfengisgjaldinu til ríkissjóðs og ekki er lögð til breyting að þessu leyti á lögum um gjald á áfengi og tóbaki.


Félag atvinnurekenda leggur áherzlu á að það verði smásalan sem greiði áfengisgjaldið, verði ákvæðið að afnema einkasölu ríkisins á áfengi. Ef heildsölum og/eða framleiðendum er gert að standa skil á áfengisgjaldinu við afhendingu vörunnar en þeir þurfa síðan að veita smásöluverzlunum gjaldfrest upp á allt að tvo mánuði, eins og algengt er, hefur það gífurlega neikvæð áhrif á sjóðstreymi og rekstrarhæfi, ekki sízt smærri fyrirtækja, enda getur gjaldið numið upp undir 80% af verði vörunnar. Jafnframt eykur það áhættu heildsala, fari svo að smásöluverzlanir fari í þrot.

- Óljóst er af ákvæðum frumvarpsins hvernig haga skuli framsetningu og auglýsingu á vörunum inni í verzlunum. Það virðist alveg óráðið hvernig framkvæmdin verður, til dæmis hvort staðsetja mætti áfengið í auglýsingaskyni á bezta stað í verslun - t.d. við kassa. Stærsta tækifæri framleiðenda og innflytjenda áfengis til kynningar á vöru sinni er nú inni í ÁTVR og ekki ljóst hvernig yfirfærsla á sölu áfengis til verzlana myndi hafa áhrif á möguleika fyrirtækja til að koma vörum sínum á framfæri inni í verzlununum sjálfum.
- Alltof naumur tími er gefinn samkvæmt frumvarpinu til að fyrirtæki í framleiðslu, heildsölu og dreifingu á áfengi geti lagað sig að breyttu sölufyrirkomulagi. Óraunhæft er að lögin geti tekið gildi 1. janúar 2015.

Í greinargerð með frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að það feli ekki sér að ráðizt sé í heildarendurskoðun á lagaumhverfi áfengismála. Eins og ráða má af ofangreindum athugasemdum og ábendingum telur Félag atvinnurekenda að það sé misráðin nálgun. Markmiðum um aukið frjálsræði í sölu áfengra drykkja verður ekki náð fram nema á grundvelli miklu breiðari endurskoðunar á lagagrundvelli sölu og markaðssetningar á áfengi.

Félagið leggur því ekki til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, heldur að málið verði tekið upp að nýju í heild og horft til mun fleiri þátta en þegar þetta frumvarp var samið. Þá er þess farið á leit að sú endurskoðun verði unnin í samráði meðal annars við innflytjendur og framleiðendur áfengis, atvinnufyrirtæki sem eiga mikilvægra hagsmuna að gæta að ekki séu gerðar vanhugsaðar breytingar á starfsumhverfi þeirra. Það er hins vegar ljóst að til staðar er ómarkvisst og gerræðislegt bann við áfengisauglýsingum sem vert er að nema úr gildi nú þegar.

Virðingarfyllst,
Félag atvinnurekenda


Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA